

3. gr.

Sjóveitugjald þetta greiðist á skrifstofu hafnarsjóðs um leið og greitt er vörugjald af fiski útfluttum úr kaupstaðnum og skal kvittað fyrir greiðslu gjaldsins á farmskírteini. Fisk má ekki afgreiða til útflutnings eða annara hafna innanlands fyrri en gjaldið hefir verið greitt.

4. gr.

Endurgjald fyrir sjó til véla skal vera 16 aurar fyrir hverja smálest sjávar. Skulu mælar settir upp á leiðslurnar á kostnað þeirra, sem vélarnar eiga. Gjald samkvæmt þessari grein skal greitt fyrir sjónotkun frá 1. janúar 1935, og skal gjaldið áætlað, miðað við þá eyðslu, sem verður, eftir að mælarnir eru teknir í notkun. Gjald dagar á vélagjaldinu skulu vera í lok hvers mánaðar, og skal gjaldið greitt á skrifstofu hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir sjó til salerna og baða skal greiða 20 krónur árlega, sem greiðast skulu 1. október.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu tryggð með lögveði í húseign þeirri, sem sjónotkunin fer fram í, næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

8. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir sjóveituna frá 24. apríl 1936, nr. 27.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. sept. 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, til að öðlast gildi 1. apríl 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupþún frá 7. desember 1935.

Í 24. gr. b-lið falli burt síðari málsliðurinn: „Þó ekki meira á ári en 1 krónu fyrir hverja smálest.“

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gidi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.